Líf og fjör



Listin til fólksins

Tolli ætlar að opna málverkasýningu í Blómavali Sigtúni í dag kl. 18 eða svona um það leyti sem fólk er að fara úr vinnu, kannski búið að gera helgarinnkaupin, og getur þá kíkt við í Blómavali á leiðinni heim. Svo verður Bubbi bróðir líka á staðnum. Það er engin tilviljun að Tolli velur sér verslun sem sýningaraðstöðu því honum er umhugað um að koma listinni til fólksins í stað þess að sitja á afturendanum og bíða eftir því að almenningur hætti sér inn í siðfágaða sýningarsali listastofnana. Kannski að næsta skref hjá honum verði að setja upp sýningu í stigagangi blokkar í Breiðholtinu (honum ku víst hafa dottið það í hug).



Aukasýning á Undir berum himni

Síðasta sýning Leikfélags Akureyrar á Undir berum himni eftir Steve Tesich var áformuð á föstudagskvöld en þar sem löngu er uppselt á sýninguna og vegna fjölda fyrirspurna hefur verið ákveðið að efna til aukasýningar laugardaginn 1. mars klukkan 20:30. Undirbúningur að sýningu á Vefaranum mikla frá Kasmír hefst á Renniverkstæðinu strax á mánudagskvöldið og því eru allra síðustu forvöð að sjá hina mögnuðu sýningu á Undir berum himni á laugardaginn.



Ísland ógnvekjandi reynsla

„Íslandsferðin varð mér mikil og ógnvekjandi reynsla. Mér fannst Ísland vera töfrastaður og vona að myndirnar mínar séu landinu samboðnar... Ég hef um ævina ferðast um fjölmörg lönd og teiknað í öllum þeim ferðalöguum en þessi bílferð frá Keflavík til Reykjavíkur klukkan hálf sjö um morgun hafði á mig djúp áhrif," segir Barbara Westman sem heldur sýningu á Kjarvalsstöðum á vatnslitamyndum sem hún málaði eftir ferð hingað til lands á síðasta ári. Rýminu á Kjarvalsstöðum deilir hún með Jacques Monory, einum helsta frumkvöðli evrópskrar popplistar. Jacques er mikill áhugamaður um leynilögreglureyfara og heita allar myndir hans á sýningunni: Ráðgáta.

Lóur og Lóuþrælar að Breiðumýri

Kórarnir Sandlóurnar og Lóuþrælarnir frá Hvammstanga verða með söngskemmtun að Breiðumýri í Reykjadal, laugardagskvöldið 22. febrúar kl. 21.00. Dansleikur verður á eftir og leika félagar í Harmonikufélagi Þingeyinga fyrir dansi.

Frumsýning í Ljósvetningabúð

Leikfélagið Búkolla frumsýnir gamanleikinn Á SVIÐ í Ljósvetningabúð laugardaginn 22. febrúar kl. 20.30. Verkið er eftir Rick Abbot, þýðinguna gerði Guðjón Ólafsson og leikstjóri er Skúli Gautason. 2. sýning á verkinu er mánudaginn 24. febrúar. Miðapantanir í síma 464-3550 (Elín) og í Ljósvetningabúð fyrir sýningar í síma 464-3617.



Lukkuriddarinn í Skjólbrekku

Góð aðsókn hefur verið á sýningar leikdeildar Umf. Mývetnings á Lukkuriddaranum og verkið hefur fengið prýðilega dóma. Leikritið verður sýnt í Skjólbrekku sunnudaginn 23. febrúar kl. 21. Lokasýning á Lukkuriddaranum verður þriðjudaginn 25. febrúar.

